

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, Nancy Rut Helgadóttir og Karl Steinar Óskarsson fóru í reglubundið eftirlit hjá Ís 47 þann 26. ágúst 2025. Sigt var með áhöfn út á eldissvæði Ís 47 í Önundarfirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldissvæðinu. Meðal daglegra starfa eldismanna var að handháfa sveimara. Í ljósi alvarleika frávikanna veitir Matvælastofnun frest til 15. september til úrbóta.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Dagbókarfærslur	15/09/2025
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Viðbragðsáætlun vegna stroks	15/09/2025
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk	15/09/2025
Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit - Viðbragðsáætlanir	15/09/2025

Viðstödd heimsókn Ís 47 ehf.
Kennitala viðtakenda 650603-3030
Skoðunarmaður Magnús Ingi Jónsson - Sérfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 2 klst. og 30 mín.
Frágangur 2 klst. og 15 mín.
Tímar við úttekt 3 klst.
Akstur 2 klst. og 30 mín.

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Dagbókarfærslur

Frestur til úrbóta: 15/09/2025

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá dagbókarfærslur, sbr. hitamælingar, súrefnismælingar og fjöldatölur um sveimara og dauðfiska, þegar eftirlit fór fram. Dagbókarfærslur voru ekki til staðar en eftirlitsþegi upplýsti að hann sendi dauðfiskatölur í smáskilaboðum en sýndi ekki eftirlitsmönnum þau samskipti. Ljóst er að skráning í dagbækur er ómarkviss og uppfyllir ekki kröfur laga um fiskeldi nr. 71/2008 og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Viðbragðsáætlun vegna stroks

Frestur til úrbóta: 15/09/2025

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlun um strok um borð í þjónustubátnum þegar eftirlit fór fram. Viðbragðsáætlun vegna stroks var ekki til staðar um borð né aðgengilegar starfsmönnum á eldissvæðinu. Mikilvægt er að viðbragðsáætlanir séu til staðar svo að starfsmenn geti gripið til þeirra ef þörf er á.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Búnaður til að endurheimta fisk

Frestur til úrbóta: 15/09/2025

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá búnað til að endurheimta fisk um borð í þjónustubátnum þegar eftirlit fór fram. Ekki var til staðar net um borð í þjónustubát, né á eldissvæðinu sjálfu. Þegar í land var komið sýndi eftirlitsþegi eftirlitsmönnum net sem geymd eru í landi. Möskvastærð netanna er of lítil miðað við stærð þess fisks sem er á eldissvæðinu. Nauðsynlegt er að til staðar séu net sem henta stærð þess fisks sem er á hverjum tíma á eldissvæðinu og að þau séu aðgengileg um borð í þjónustubát eða pramma á eldissvæðinu.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávík

Sjókvíaeldi - Sjóneftirlit
Viðbragðsáætlanir

Frestur til úrbóta: 15/09/2025

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlanir um massadauða, fárviðri og ísingu á búnaði og afræningja um borð í þjónustubátnum þegar eftirlit fór fram. Engin þessara viðbragðsáætlana var aðgengileg um borð né aðgengilegar starfsmönnum á eldissvæðinu. Mikilvægt er að viðbragðsáætlanir séu til staðar svo að starfsmenn geti gripið til þeirra ef þörf er á.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Niðurlag

Þann 26/08/2025 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 29/08/2025. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 4 skoðunaratriðum, þar af 4 alvarleg frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjónkvíaelði - Sjóneftirlit: 11 af 11 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 4 alvarleg frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)